

Starfsskýrsla Æskulýðsnefndar Þyts 2007

Vetrarstarfið hófst með þrettándagleði sem æskulýðsnefnd stóð fyrir. Farið var í skráðgöngu um Hvammstanga og voru alskyns figúrur á ferð, á hestum jafnt sem gangandi. Endað var á Höfðabakka og var boðið uppá vöfflur og kakó og veitt voru verðlaun fyrir bestu búningana.

Farið var í dósasöfnun um sveitina í febrúar. Og safnaðist vel. Einnig voru seld dagatöl sem hestamannafélagið gefur út.

Í apríl varð breyting á stjórn æskulýðsnefndar og því var lítið starf búið að vera fram að því.

Almennur fundur var haldinn 1.maí 2007. Kannaður var áhugi fyrir því að fara með atriði á Æskan og hesturinn á Sauðárkróki sem halda átti 17. maí. Reyndist áhugi vera mikill og ákveðið var að fara með 2 atriði. Eldri stelpurnar í hópnum sem voru 8 voru til í að fara með atriði sem þær sýndu á sýningu á Blönduósi fyrr um vorið. Hinn hópurinn saman stóð af 17 krökkum frá 6 ára uppí 17 ára.

Þar sem ekki mikill tími var til stefnu byrjuðu æfingar strax eftir fundinn. Æft var nánast á hverjum degi. Byrjað var á æfingum gangandi og svo þegar líða tók á voru hestarnir teknir inni. Gekk þetta allt saman vel þrátt fyrir kulda og rok, þar sem æfingar fóru fram utandyra. Foreldrar voru duglegir að fylgja börnum og aðstoða.

Mæður og ömmur voru fengnar í saumaskap þegar búið var að kaupa efni í búninga. Og tókst það með eindæmum vel.

Þá var komið að ferðinn sjálfri. Lagt var af stað seinnipart dags 16.maí og komið á Sauðárkrók um kl 18:00. Vorum búin að fá Tjarnarbæ, félagsheimili hestamanna á Sauðárkróki, á leigu og dótið var týnt inn þar sem við gistum þar. Hestum komið í hús. Æfingar voru um kvöldið, svolítill viðbrigði voru að koma í svona stóra höll þar sem æft hafði verið í litlu gerði allan tímann. En allt gekk svona ljómandi vel. Búið var að panta pizzur og þegar æfingar voru búnar var öllum komið í hús, borðaðar pizzur og svo fór fólk bara að týnast í háttinn þar sem mikil spennan var búin að vera fyrir því að fara í þessa ferð. Og allir orðnir frekar þreyttir.

Þá rann upp blíðskapar dagur. Aðstandendur barnanna voru duglega að koma með bakkelsi sem var lagt á hlaðborð og morgunverður snæddur í sameiningu. Farið var að undirbúa sýningarnar þrjár yfir daginn og mætti segja að allt hafi tekist eins og best væri kosið. Allt gekk glimrandi vel, samstaða mikil í hópnum, allir hjálpuðust að og engin óhöpp urðu. Allavega fór þreyttur hópur barna og aðstandenda heim um kvöldið þegar búið var að ganga frá öllu og koma hestum á kerru.

Ekki var hægt að stoppa í starfinu á þessum tímapunkti þar sem svona stór hópur barna var kominn af stað. Þannig að ákveðið var að halda reiðnámskeið í byrjun júní. Fengum Herdísí Einarsdóttir í Grafarkoti til að koma og kenna börnunum, einnig var hún fengin til að leiðbeina þeim börnum sem vildu fyrir gæðingamót félagsins. Alls mættu 30 börn á námskeiðin. Farið var í einn góðan reiðtúr með börnin eftir námskeiðið einn daginn. Gott veður var og fór stór hópur barna frá 6 ára til 15 ára. Síðasti dagur námskeiðisins var notaður til æfinga fyrir 17 júní hátíðina á Hvammstanga, þar sem börnin sem fóru á Sauðárkrók og þau sem bættust inni á námskeiðinu sýndu atriðið sitt. Og einnig var mikið um glens og grín þar sem farið var í leiki og borðaðar pulsar. Foreldrum var boðið með í fjörið. Og var þetta hin mesta skemmtun.

Á 17.júní sýndu svo krakkarnir atriðin sín og kom mikill fjöldi fólks að horfa á. Einnig tóku þau mörg þátt í Firmakeppni félagsins sem haldin var eftir atriðin.

Ekki var meira gert þetta sumarið þar sem allir fóru að gera eitthvað annað. En núna 2. nóvember næstkomandi verður haldin uppskeruhátíð barna og unglunga í félaginu og á einnig að ræða um áframhaldandi starf fyrir næsta vetur. Þannig að hægt sé að byrja strax á öllu fjörinu.

Æskulýðsnefnd Þyts